

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Bolungarvík 1995.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Bolungarvík, sbr. staflið c í 2. gr. samþykktar nr. 425/1986 um hundahald í Bolungarvíkurkaupstað skal vera kr. 10.500 á ári frá 1. mars 1995 til 28. febrúar 1996. Í gjaldinu er innifalin hóprýgging og hreinsun.

2. gr.

Handsömunargjald samkvæmt 6. gr. samþykktar nr. 435/1986 um hundahald í Bolungarvíkurkaupstað skal vera kr. 4.400 í fyrsta skipti, kr. 8.800 í annað skipti og kr. 13.200 í þriðja skipti frá 1. mars 1995 til 28. febrúar 1996.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Bolungarvíkur staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfissráðuneytið, 10. apríl 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna nr. 129 6. apríl 1992 með síðari breytingum.

1. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Happdrættið gefur árlega út 80.000 -áttatíuþúsund- hlutamiða. Af hverjum hlutamiða eru gefnar út tvær flokkaraðir, sem greinast að með bókstöfunum A og B. Sama verð gildir um hvora flokkarað.

Hver hlutamiði gildir í flokkarað og sjóðsröð, sem auðkennd er í vinningaskrá sem DAS 80%. Hver hlutamiði ber áprentað númer frá 1-80.000, auðkenni raðarinnar, A eða B, flokksnúmer frá 1-12, sjóðsraðarauðkenni, spilamerki sem eru hjarta, spaði, tígull eða lauf, verð miðans og skiptingu þess milli flokkaraðar eða sjóðsraðar, síðasta sölundag, dráttardag hvorrar raðar og innlausnarfrest vinninga. Á miðann skal prenta eiginhandarundirskrift forstjóra happdrættisins og á honum skal vera undirskrift og eiginhandarstimpill söluumboðs.

Við útdrátt vinninga í flokkarað sem fram fer mánaðarlega gilda hlutamiðanúmer en við útdrátt vinninga í sjóðsröð sem fram fer í ágúst, desember og apríl gilda auk hlutamiða-